

*Alþingi  
Erindi nr. P 140/355  
komudagur 21.11.2011*

Alþingi – nefndarsvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 21. nóvember 2011

**Efni: Frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, msb. (skýrara bann við auglýsingum).**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið nefnt frumvarp til umsagnar en með því er lögð til viðbót við gildandi ákvæði 20. gr. áfengis laga þar sem lagt er til að hvers konar auglýsingar og önnur viðskiptaboð til markaðssetningar á áfengi og einstökum áfengistegundum verði bönnuð. Þá er einnig lagt til að slíkt bann nái einnig til vökva eða vöru sem er undir 2,25% af hreinum vínanda ef um er að ræða markaðssetningu á umbúðum sem geta skapað hættu á ruglingi milli óáfengu vörunnar og hinna áfengu.

**Mismunun**

Það sem kemur fyrst í hugann við lestur þessa frumvarps er hin alvarlega mismunun sem í því felst. Í undanþáguákvæði 1. gr. frumvarpsins segir að bannið skuli m.a. ekki ná til viðskiptaboða á erlendu tungumáli í erlendum prentmiðli, viðskiptaboða á erlendum útvarps og sjónvarpsrásum. Þetta undanþáguákvæði leiðir augljóslega til enn frekari mismununar milli innlendrar og erlendar áfengisframleiðslu en nú er. Verði frumvarpið að lögum verður ekki annað séð en að innlend framleiðsla verði algerlega útilokuð frá allri markaðssetningu á meðan sú erlenda sem er í beinni samkeppni við þá innlendu, verður áfram jafn sýnileg og áður, ekki síst í útsendingum frá vinsælum íþróttaviðburðum.

**Niðurstaða starfshóps fjármálaráðherra**

Þetta frumvarp er í beinni andstöðu við niðurstöðu starfshóps á vegum fjármálaráðherra um heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar sem bitrt var í janúar 2010. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað ýmis atriði sem snúa að auglýsingum áfengis að óraunhæft væri að hægt væri að koma algerlega í veg fyrir auglýsingar áfengis. Í því sambandi benti starfshópurinn á að heimilt er að auglýsa áfengi í erlendum tímaritum og í útsendingum frá erlendum sjónvarpsstöðvum sem skapi ákveðið misrétti milli innlendra áfengisframleiðenda og erlendra. Innlendir aðilar hafi ekki sömu tækifæri til markaðssetningar og þeir erlendu og bendir starfshópurinn á að þetta séu m.a. rök fyrir því að endurskoða þurfi reglur um auglýsingar áfengis.

## Meðalhófsreglan

Margt bendir til að aðrar leiðir en algert auglýsingabann séu færar til að ná markmiðum um að vekja athygli á heilsufarslegum afleiðingum áfengisneyslu. Á þessu sjónarmiði hefur verið byggt í rökstuðningi Evrópuþómsþólsins í a.m.k. einu dómsmáli, en það mál er reifað í skýrslu starfshópsins. Verður ekki annað séð en sambærileg sjónarmið eigi við hér á landi og því verði meðalhófsreglan, sem stjórnvöldum ber ætíð að hafa í heiðri, ekki virt verði frumvarp þetta að lögum.

## Áhrif áfengisauglýsinga

Starfshópur fjármálaráðherra skoðaði nokkurn fjölda skýrslna til að rannsaka þessi tengsl. Svo virðist sem meginhluti þeirra skýrslna bendi til að lítil sem engin tengsl séu á milli áfengisauglýsinga og almennrar áfengisneyslu. Enda er það svo að fá ríki hafa gengið svo langt að leggja algert bann við áfengisauglýsingum. Stjórnvöld þessara ríkja gera sér grein fyrir að slíkt bann er í raun óframkvæmanlegt, en fullyrða má að samfélagsmiðlar (e. social media) sem nú eru í almennri notkun, gera slíkt bann enn erfiðara í framkvæmd. Niðurstaða starfshóps fjármálaráðherra er mjög á þessum nótum, enda leggur hópurinn til að heimila skuli áfengisauglýsingar með takmörkunum.

## Niðurstaða

Það vekur furðu að svo skömmu eftir að starfshópur fjármálaráðherra skilaði skýrslu sinni, skuli koma fram frumvarp sem gengur þvert gegn þeim tillögum sem hópurinn leggur til. Með vísan til þess sem hér hefur verið reifað leggst SVP alfarið gegn lögfestingu þessa frumvarps enda telja samtökin að slíkt fæli bæði í sér það mikla mismunun að ekki væri við unað og að meðalhófsregla stjórnvöldarinnar hafi ekki verið höfð til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Því megi allt eins búast við að hagsmunaaðilar muni láta á slíka lagasmíð reyna ef svo ólíklega vildi til að Alþingi veitti henni brautargengi.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.